

Flokkur	EFNI Margfeldistuðlar til að reikna takmarkað magn til flutnings → (sjá aths. (1) hér á undan)	Mesta magn á hverja flutningseiningu (brúttóþyngd)							ótak- mark- að
		A <u>200</u> 5 kg	B <u>50</u> 20 kg	C <u>20</u> 50 kg	D <u>10</u> 100 kg	E <u>3</u> 333 kg	F <u>2</u> 500 kg	G <u>1</u> 1000 kg	
9	Efni eða hlutir flokkaðir undir 1° (b), 4° (c) eða 5°			X					
	Efni eða hlutir flokkaðir undir 1° (c), 6°, 7° eða 13° (b)				X				
	11° (c) og 12° (c)						X		
(1) Undanskilinn kælivökvi flutningatækja.									

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Árskógshrepps, Dalvíkurkaupstaðar, og Svarfaðardalshrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 27. mars 1998 staðfest sameiningu Árskógshrepps, Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum þremur sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 20. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórnirnar þrjár tilnefna hver um sig einn fulltrúa í yfirkjörstjórn og einn til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 7. júní 1998.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum verða greidd atkvæði um nafn á hið nýja sveitarfélag. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. mars 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.